

# Eystrahorn

7. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 17.febrúar 2022

www.eystrahorn.is

## Knattspyrnudeild Sindra semur við þrjá leikmenn og tvo þjálfara

Í lok janúar samdi knattspyrnudeild Sindra við þrjá knattspyrnumenn, þá Guðmund Reyni Friðriksson, Mate Paponja og Robertas Freidgeimas.

**Robertas Freidgeimas** verður þrjátíu og þriggja á þessu ári og er orðinn öllum hnútum kunnugur á Höfn. Þessi öflugi varnarmaður kom til okkar árið 2018 og hefur spilað 94 leiki fyrir félagið og skorað 13 mörk. Freddy eins og hann er kallaður er frábær leikmaður og liðsmaður! Óhætt er að segja að það séu gleðitíðindi fyrir alla Sindramenn að samningur við hann hafi verið framlengdur til tveggja ára.

**Mate Paponja** verður þrjátíu og eins á þessu ári og var valinn besti leikmaður Sindra í fyrra. Hann hefur verið leikmaður Sindra frá árinu 2017. Mate er gríðalega fjölbærur leikmaður og getur spilað allar stöður vallarins. Hann hefur skorað 40 mörk í 113 leikjum fyrir félagið. Mate hefur einnig verið að þjálfva yngri flokka Sindra og það eru ekkert minna en frábærar fréttir að við fáum að hafa hann á Hornafirði í a.m.k. tvö ár í viðbót.

**Guðmundur Reynir Friðriksson** verður sextán ára á árinu og kemur upp úr yngri flokka starfi Sindra. Í september s.l. spilaði Guðmundur fyrir U-15 ára landslið Íslands. Hér er á ferðinni efnilegur markvörður sem á framtíðina fyrir sér. Hann hefur tekið þátt í Kjarnafæðismótinu í vetur með mfl. Sindra og staðið sig vel. Það eru gleðitíðindi að semja við Guðmund til tveggja ára.

Einnig hefur knattspyrnudeild nýlega samið við tvo þjálfara:

**Jóhann Bergur Kiesel** skrifaði undir tveggja ára samning um þjálfun meistaraflokks kvenna ásamt Vesko og um þjálfun yngri flokka. Jóhann Bergur er kominn heim eftir að hafa þjálfað HK þar sem hann kom þeim uppúr 2.deild kvenna 2020. Jóhann Bergur er að ljúka KSÍ B þjálfararéttindum og er gríðarlegur fengur í starfið okkar hjá Sindra en hann mun einnig koma til með að vinna fyrir aðalstjórn.

**Mariano Ferreyra** skrifaði undir tveggja ára samning um þol- og styrktarþjálfun fyrir yngri-



Árna formaður knattspyrnudeildar Sindra ásamt Guðmundi Reyni



Árna formaður ásamt Freddy

og meistaraflokka félagsins. Hann mun vinna náið með öðrum þjálfurum Sindra, aðstoða þá við undirbúning æfinga, vera reglulega til staðar á æfingum og vinna sérstaklega með einstökum

leikmönnum sem þurfa að styrkja sig líkamlega. Þá er hlutverk Mariano að leiðbeina iðkendum um heilbrigðan lífstíl og kenna þeim að efla almennt hreysti og styrk.

## Heildstæð námskrá í ferðabjónustu

Í janúar á síðasta ári fékk FAS það verkefni að móta og skrifa heildstæða námskrá í ferðabjónustu. Þetta verkefni var unnið náið með *Hæfnisetri ferðabjónustunnar* og *Fræðslumiðstöð atvinnulífsins*. Um er að ræða nám með námslokum á öðru þrepi, þriðja þrepi og stúdentsprófi. Í hverjum námslokum er sameiginlegur kjarni og sérhæfing. Sérhæfingarnar á öðru þrepi eru móttaka, veitingar og fjallamennska. Á þriðja þrepi og í stúdentsprófinu er sérhæfingin fjallamennska.

Námið er skipulagt þannig að hægt verði að bæta við sérhæfingu á fleiri sviðum.

Námskráin var send þann 4. febrúar inn til Menntamálastofnunar til samþykktar og vonir standa til að hægt verði að kenna samkvæmt námskránni strax á næsta skólaári. Af því tilefni var boðið upp á góðgjörðir á kennarastofnunni.

Á myndinni má sjá Eyjólf skólameistari og Hildi áfangastjóra





## HAFNARKIRKJA

Sunnudaginn 20. febrúar  
guðspjónusta kl. 11:00.  
Eftir messuna verður boðið  
uppá kaffi, djús og kex.  
Allir velkomnir

*Prestarnir*



## Andlát

### Helga Ingibjörg Bjarnadóttir

fæddist í Hólabrekku á Mýrum 21.mars  
1930 og lést á Skjólgarði þriðjudaginn  
8. febrúar sl.


Foreldrar Helgu voru Bjarni Eyjólfsson  
og Margrét Benediktsdóttir. Helga  
Ingibjörg var yngst 15 systkina.

Eiginmaður Helgu var Bjarni Gunnar  
Sigurðsson f. 29. mars 1921, þau giftu sig um páskana  
1955. Börn þeirra eru Bjarni f. 6.febr. 1952. Maki er Kristín  
Laufey Jónsdóttir, Álfheiður f. 11.apríl 1953. Maki er Jóhann  
Sigurjónsson, Sigurður Bjarnason f. 23. maí 1956. Maki er  
Birna Rafnkelsdóttir, Hallbera Bjarnadóttir f. 22.apríl  
1960. Maki er Ævar Birgir Jakobsson, Haukur Bjarnason  
f. 16.maí 1961, Margrét Bjarnadóttir f. 24.febrúar 1963 og  
Anna Bjarnadóttir f. 5. júlí 1975. Maki er Jóar Haganes.  
Barnabörn Helgu og Bjarna eru 21 og barnabarnabörn  
17 talsins.

Helga Ingibjörg ólst upp í Hólabrekku á Mýrum og bjó  
þar ásamt foreldrum sínum til 1951 þegar hún fluttist  
að Holtaseli í sömu sveit og bjó þar æ síðar. Hún var  
vinnumaður á yngri árum m.a. í Nesjum. Helga var  
söngelsk og tók þátt í kórastarfi alla tíð og var lengi í  
sóknarnefnd Brunnhólskirkju.

Fjölskyldan vill koma fram kærum þökkum til starfsfólks  
Skjólgarðs sem annaðist Helgu af alúð og kærleik síðasta  
árið.

Útförin fer fram föstudaginn 18. febrúar kl. 14:00 frá  
Brunnhólskirkju, athöfninni verður einnig streymt á vef  
Hafnarkirkju, [www.hafnarkirkja.is](http://www.hafnarkirkja.is)



## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIRÐINGA KÆRU FÉLAGSMENNI!



**Þriggja kvölda félagsvist** í Ekru

17. febrúar – 24. febrúar og 3. mars kl 20.  
**Vöflukaffi og tónleikar** með Ekrubandinu  
sunnudaginn 20 febrúar (konudaginn) kl.  
15:00.

**Föstudagssamveran** 25. febrúar kl. 17:00.  
Heimsókn í geymslu Menningarmiðstöðvar  
í Álaleiru 1 og byggðasafnsmunirnir  
skoðaðir. Sjáum um að allir komist þangað.

## Aðalfundur GHH

Aðalfundur Golfklúbbs Hornafjarðar  
verður haldinn  
**24. febrúar í golfskálanum kl. 20:00**

Venjuleg aðalfundarstörf ofl.  
Félagar takið með ykkur gesti



*Stjórn GHH*

## BÆJARMÁLAFUNDUR

Sjálfstæðisfélag A-Skaft verður með  
bæjarmálafund á laugardaginn **19. febrúar**  
kl. 10:30 í Sjallanum, Kirkjubraut 3.

Fundarefni: Framboðsmál vegna  
sveitarstjórnar kosninga og önnur mál.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

**Stjórnin**

**D**

## STOFNFUNDUR KEX

Miðvikudaginn 23. febrúar 2022 klukkan 20:30 í  
Nýheimum.

### Dagskrá fundarins

1. Kosning fundarstjóra
2. Setningarræða
3. Kynning á grunngildum félagsins
4. Drög að lögum félagsins kynnt
5. Kosid um lög félagsins
6. Kosid í stjórn
7. Fundahlé á meðan talning atkvæða fer fram
8. Úrslit kjörs í stjórn kynnt
9. Fundi slitið

Framboðsfrestur í stjórn  
er til 23. febrúar kl: 12:00



Kex og kaffi á  
meðan fundinum  
stendur

Skráning í fjarfund fer fram hér: [kexframbod@gmail.com](mailto:kexframbod@gmail.com).  
Upplýsingar má finna á [www.xkex.is](http://www.xkex.is).



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933  
Útgefandi:..... HLS ehf.  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson  
Netfang: .....tjorvi@eystrahorn.is  
Prófarfalestur.... Guðlaug Hestnes  
Umbrot: .....Tjörvi Óskarsson  
Prentun: .....Litlaprent  
ISSN 1670-4126

## Eystrahorn

### Styrktaraskrift

Viltu styðja við útgáfu  
Eystrahorns?  
Kynntu þér málið á:

[www.eystrahorn.is/  
styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)

# Framboðið Kex

Næstkomandi miðvikudag, þann 23. febrúar, verður stofnfundur framboðsins Kex haldinn í Nýheimum.

Framboðið Kex er hópur ungs fólks sem hingað til hefur ekki látið til sín taka í sveitarstjórnarmálum. Við eigum það öll sameiginlegt að hafa valið okkur Sveitarfélagið Hornafjörð sem framtíðar heimili og höfum við skýra og einlæga sýn á samfélagið sem við viljum búa í.

Við viljum að sveitarfélagið myndi sér sterka og bjarta framtíðarsýn, þar sem ákvarðanir og uppbygging tekur mið af því að hér vilji fólk búa. Samfélagið þarf því að hafa svigrúm til þess að vaxa og dafna.

Fjölmörg atvinnutækifæri eru fyrir hendi, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Húsnæðisskortur og skortur á dagvistun fyrir börn á ekki að verða þess valdandi að fólk sjái sér ekki fært að flytja í sveitarfélagið. Það á að vera ákjósanlegt og eftirsóknarvert að búa alls staðar innan sveitarfélagsins og uppbygging þarf að endurspeglja það.

Fólk býr við misjafnar aðstæður í

sveitarfélaginu og aðgengi að þjónustu, t.d. fyrir barnafjölskyldur, er mismunandi eftir því hvar fólk velur sér búsetu. Huga þarf að aðgerðum sem stuðla að jöfnuði meðal íbúa í sveitarfélaginu öllu. Hér á að vera gott að búa, óháð því hver við erum, hvar við búum, hvaðan við komum eða hvað við gerum.

Kex er nýtt framboð, ferskur blær inn í sveitarstjórnarmál í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Framboðið Kex berst fyrir umhverfismálum, jafnrétti, sýnileika í stjórnsýslunni og því að ákvarðanir sem teknar eru séu samfélaginu öllu til gagnsóta.

Öll sem hafa áhuga á að mæta á stofnfundinn eru hvött til að þess. Í kjölfar stofnfundar förum við í málefnavinnu framboðsins og viljum við heyra í breiðum hópi íbúa sveitarfélagsins. Framboðið Kex vill að stefnumál endurspegli þarfar sem flestra.

Við viljum að allir íbúar sveitarfélagsins hafi rödd, þess vegna er Kexið við öll.



Framboðið Kex hlakkar til að starfa með íbúum sveitarfélagsins og í þágu samfélagsins.

Fyrir hönd framboðsins Kex,

*Grasrótin*

*Frekari upplýsingar má fá með því að hafa samband í gegnum tölvupóst [framboðidkex@gmail.com](mailto:framboðidkex@gmail.com) eða í gegnum samfélagsmiðla framboðsins*

## Styrktaraskrift Eystrahorns

Eystrahorn hefur verið gefið út frá því 1983 og hefur verið sent á hvert heimili í sveitarfélaginu, íbúum að kostnaðarlausu, undanfarin ár. Flestir eru sammála um að útgáfa sem þessi er mikilvægur þáttur í samfélaginu okkar. Útgáfan stendur oft mjög tæpt og gæti ekki staðið undir sér nema fyrir framlag fyrirtækja, stofnanna og einstaklinga á svæðinu.

Við óskum því eftir því að Hornfirðingar styrki útgáfu blaðsins t.d. með mánaðarlegu framlagi. Nýtt kerfi hefur verið sett upp á heimasíðu Eystrahorns þar sem hægt er að styrkja blaðið með auðveldum hætti með mánaðarlegum greiðslum. Hægt er að segja upp áskriftinni hvenær sem er. Þökkum þeim sem nú þegar styðja við útgáfuna.

### 1 Farðu inn á heimasíðu Eystrahorns



[www.eystrahorn.is/styrktaraskrift](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift)

### 2 Veldu mánaðarlega upphæð



### 3 Skráðu inn kortanúmer í öruggt áskriftarkerfi

Pitt framlag styrkir útgáfu blaðsins, kærar þakkir

✉ [eystrahorn@eystrahorn.is](mailto:eystrahorn@eystrahorn.is)  
 🌐 [www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)  
 ☎ sími: 848-3933



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



## Yfirflokkstjóra og flokkstjóra við Vinnuskóla Sveitarfélagsins Hornafjarðar sumarið 2022

Störfín henta öllum kynjum en æskilegur aldur er 20 ára eða eldri. Leitað er eftir einstaklingum sem eiga gott að vinna með öðrum, hafa frumkvæði, eru góðar fyrirmyndir, stundvísir, metnaðarfullir og samvissusamir.

**Yfirflokkstjóri** stýrir verkefnum flokkstjóra í samvinnu við bæjarverkstjóra, stjórnar starfi flokkstjóra, kennir þeim rétt vinnubrögð, vinnur með liðsheild og verkvit, er uppbyggilegur og góð fyrirmynd.

**Flokkstjórar** stjórna starfi vinnuskólahópa, kenna nemendum rétt vinnubrögð, vinna með liðsheild og verkvit, eru uppbyggilegir og góðar fyrirmyndir.

Umsóknarfrestur er til 6. mars n.k. Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá berast til Herðisar 1. Waage tólmstundafulltrúa á netfangið [herdisiw@hornafjordur.is](mailto:herdisiw@hornafjordur.is) sem jafnframt veitir frekari upplýsingar eða til Skúla Ingólfssonar bæjarverkstjóra á netfangið [skuli@hornafjordur.is](mailto:skuli@hornafjordur.is)



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

# Ísklifur í fjallamennskunáminu



Fjallamennskuárið 2022 er hafið og það af fullum krafti. Dagana 28. – 31. janúar kenndum við Arni Stefán og Íris Ragnarsdóttir tíu nemendum á öðru ári ísfossaklifur. Áfanginn var að þessu sinni kenndur í nágrenni höfuðborgarsvæðisins en erfitt reyndist að finna ísklifuraðstæður á landinu þessa vikuna sökum hlýinda. Allt fór þó á besta veg og við náðum að klifra á þremur mismunandi stöðum í

Hvalfirði, í Múlafjalli, Brynjudal og við Meðalfellsvatn.

Ísfossaklifur er tækniþrótt, góð tækni skiptir meira máli en líkamlegur styrkur. Við lögðum því mikla áherslu á að nemendur öðluðust góða klifurtækni, en það næst með því að klifra mikið og fá endurgjöf og ábendingar jafnóðum. Eins er mikilvægt að leggja mat á áhættur, gæði íssins og að þekkja sín mörk. Vegna aðstæðna klifruðum við að mestu

í ofanvaði en það er mjög góð leið til að bæta ísklifurtæknina og öðlast traust á búnaðinum.

Það var ánægjulegt að hitta hópinn aftur eftir dimmustu mánuði ársins en nú taka skíða- og leiðangursáfangar við hjá þeim fram að útskrift í vor. Við óskum hópnum góðs gengis og vonumst til að sjá þau á fjöllum.

## ERT ÞÚ MEÐ VERKEFNI Í KOLLINUM?

**Vissir þú að í Fab Lab smiðju Hornafjarðar er hægt koma hugmyndum sínum í framkvæmd.**

Við bjóðum aðstoð fyrir einstaklinga, frumkvöðla og fyrirtæki í nýsköpun, hvort sem það er vöruhönnun, frumgerðasmíði eða einfaldlega löngun til hanna og læra hluti.

Tökum vel á móti öllum fyrirtækjum sem vilja skapa sér sérstöðu með hönnun eða nýsköpun að leiðarljósi. Fab Lab smiðjan er vel búin tækjum og þekkingu eins og í rafeindatækni, notkun laserskera, þrívíddarprentara viðarfræsara, vínylskera og rafrásafraesara.

**Einnig aðstoðum við minni matvælaframleiðendur í hönnun og uppsetningu á ræktunarkerfum.**



Til að panta tíma í Fab Lab:  
vilhjalmar@hornafjordur.is  
eða í síma: 862-0648.

